

**Nr. 18-045 S 030 FFS Amaranth dráttarbátur****Leki í vélarúmi**

IMO.nr. 9161912  
Smíðaður: 1997  
Útgerð: Farsund Fortöyningssekskap AS, Noregi.  
Stærð: 360 GT 285 NT  
Mesta lengd: 30 m Skráð lengd:  
Breidd: 9,85 m Dýpt: 5,35 m  
Vél: 2x MAK, 4000 Hö, 1997.  
Fjöldi skipverja: 5

**Gögn:**  
Gögn RNSA



FFS Amaranth © RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirtí Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. mars 2018 var dráttarbáturinn FFS Amaranth að koma til hafnar í Reykjavík. Veður: SA 7 m/sek.

Þegar báturinn var staddur á Engeyarsundi kom leki að vélarúminu þegar skipverjar voru að prófa eina af brunadælunum. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, starfsmenn Faxaflóahafnar og björgunarsveitin Ársæll voru kölluð út og dældu sjó úr vélarúminu.

**Við rannsókn kom fram:**

- að brunadælan var einnig neyðarlensidæla fyrir vélarúmið;
- að vélstjórinn opnaði soglokann fyrir neyðarlensinguna fyrir mistök þannig að sjórinn átti greiða leið inn í rýmið. Eftir að lokað var fyrir neyðarlensinguna lækkaði sjórinn hratt í vélarúminu.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.